

Þá ber og samkvæmt framanrituðu að dæma þeim stefnendum málskostnað úr hendi þeirra Þórarins Eyjólfssonar og Eiríks Þórarinssonar in solidum, og þykir hann með hliðsjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur þeirra stefnenda, Þorsteins Þorsteinssonar og Jónasar Guðjónssonar, að lóðinni nr. 18 við Kirkjuveg í Keflavík innan girðingar, sem mörkuð er með rauðum strikum milli hornanna a-b-c-d á uppdrátt byggingarfulltrúans í Keflavík, gerðan í júlí 1959.

Þá ber og að dæma þá Þórarin Eyjólfsson og Eirík Þórarinsson, Keflavík, til þess að greiða stefnendum in solidum málskostnað, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. febrúar 1965.

Nr. 157/1964. **Samvinnutryggingar**

(Hafsteinn Sigurðsson hdl.)

gegn

Sigurði Jónssyni og gagnsök

(Ragnar Steinbergsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Húftrygging bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1964. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar bótafjárhæðar samkvæmt héraðsdómi, og svo málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 8. febrú-

ar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m., og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 80.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 23. júní 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Vátryggingarskilmála aðaláfrýjanda, þá er í málinu greinir og að skiptum aðilja lúta, ber að meta og skýra í samræmi við 18. og 20. gr. sbr. 3. mgr. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/ 1954. Lán gagnáfrýjanda á bifreiðinni til dóttur sinnar, sem hafði bifreiðarstjóraréttindi, verður eigi metið gagnáfrýjanda til neinnar sakar, og enga ábyrgð, er hér skiptir máli, ber hann á akstri bifreiðarinnar né slysi því, sem mál þetta er af risið. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms á aðaláfrýjandi að greiða gagnáfrýjanda fullar húftryggingarbætur.

Gagnáfrýjanda var eigi veittur þess kostur að gæta hagsmuna sinna í sambandi við framkvæmd mats þess, er í héraðsdómi getur, sbr. 1. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936. En þar sem matið hefur engum rökstuddum andmælum sætt, að því er fjárhæðir varðar, þykir mega leggja niðurstöðu þess til grundvallar um tjón gagnáfrýjanda. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 59.995.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. júní 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Samvinnutryggingar, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Jónssyni, kr. 59.995.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. júní 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 10. júlí 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 30. f. m., hefur stefnandi, Sigurður Jónsson, Sólvöllum 11, Akureyri, höfðað fyrir

bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. apríl s.l., á hendur Samvinnutryggingum, Akureyri, og gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða váttryggingarfé, kr. 80.000.00, auk 8% ársvaxta frá 23. júní 1963 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara. Til vara krefst stefnandi bóta eftir mati dómara auk vaxta og málskostnaðar.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara er þess krafizt, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þau, að árla nætur hinn 23. júní 1963 ók dóttir stefnanda, Sigrún Sigurðardóttir, bifreið hans, A 1870, sem er Volkswagenbifreið, árgerð 1957, um bæinn og norður fyrir hann, en á heimleið valt bifreiðin margar veltur á Hörgárbraut norðarlega í Glerárhverfi og lenti að lokum út fyrir brautina. Fólk, sem í bifreiðinni var, þar með nefnd Sigrún, sem ók henni, slasaðist, og bifreiðin stórskemmdist, svo að talið er, að vafasamt sé, hvort svari kostnaði að gera við hana. Bifreiðin var húftryggð hjá stefnda fyrir kr. 80.000.00, en stefndi hefur synjað að greiða bætur fyrir tjónið. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu húftryggingarbótanna.

Nánari atvik slyssins eru þau, að nefnd Sigrún Sigurðardóttir, 20 ára gömul, var ásamt stöllu sinni, Jónu Jónatansdóttur, í kvikmyndahúsi um kvöldið, en að því loknu fóru þær ökuferð um bæinn í bifreið stefnanda. Þær komu til bróður Jónu, Magnúsar Jónatanssonar, og tóku hann með í bifreiðina. Nokkru síðar óku þau norður fyrir bæinn að Lónsbrú, en sneru þar við. Þau systkinin hafa bæði skýrt frá því fyrir dómi, að ekið hafi verið rólega um bæinn, og Sigrún var undir stýri. Er þau höfðu snúið við, var ekið hratt, og óku þau fram úr tveimur bifreiðum norðan við hæðina við Sjónarhól nyrzt í Glerárhverfi. Vitnið Magnús Jónatansson hefur skýrt svo frá, að er þau komu upp á hæðina, hafi komið bifreið á móti. Sigrún hafi ekið á miðjum vegi og haft ruðning eftir veghefil milli hjólanna. Telur hann, að þau hafi þá verið komin 100 m fram fyrir bifreiðina, sem þau óku fram úr. Vitninu fannst vera mjög stutt að bifreið þeirri, er á móti kom, og beygði Sigrún til vinstri. Kastaðist vagninn þá til, er hjólið fór yfir ruðninginn, og lenti utarlega á vinstra kanti, en Sigrún reyndi að koma honum inn á veginn til hægri, en vagninn lenti þá aftur í röstinni og valt á hliðina, valt eða rann út af veginum og stöðvaðist utan vegar, hægra (vestan) megin, og sneri afturenda að veginum. Stóð hann þar

á hjólunum. Vitnið fékk högg í höfuð og herðar, en hann sat í aftursæti. Systir hans hafði setið í framsæti við hlið ökumanns, en hafði kastast aftur í bifreiðina og lá ofan á vitninu, er bifreiðin nam staðar. Þau komust út án hjálpar og sáu þá Sigrúnu liggja meðvitundarlaus á vestari vegarbrún. Fólk bar þarna að strax, og náð var í lögreglumenn og sjúkrabifreið, sem flutti hið slasaða fólk í sjúkrahús. Sigrún slasaðist mest, höfuð-kúpubrotnaði og skrámaðist á andliti og útlimum. Jóna Jónatansdóttir skrámaðist á útlimum, og standur brotnaði á öðrum hálslið. Báðar dvöldust í sjúkrahúsi um skeið; Jóna til 12. júlí, en Sigrún til 8. ágúst, en vinnu gátu þær ekki hafið fyrir en seint í september. Magnús slapp tiltölulega vel; skrámaðist og marðist, en gat stundað vinnu sína eftir sem áður að mestu. Magnús áætlaði ökuhraða Sigrúnar, um það bil er slysið varð, um 70 km á klst. Jóna áætlaði hraðann 60—80 km á klst, eða jafnvel 60—70 km. Hún mundi einnig, að þau óku fram úr tveimur bifreiðum og skýrði að öðru leyti svipað frá atvikum og Magnús.

Ökumaður bifreiðar þeirrar, A 54, er á móti kom, Ellert Kárasson leigubifreiðarstjóri, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekið með þrjá farþega í bifreið sinni norður Hörgárbraut. Þegar hann nálgast Sjónarhól, sá hann A 1870 koma yfir hæðina framundan, og var hún þá nálægt hægri kanti sínum, en var að beygja til vinstri og fór næstum út af þeim kanti, en beygði síðan inn á veginn aftur og valt þar. Var A 54 þá nýsloppin fram hjá, og sá ökumaðurinn veltuna í speglinum og var búinn að sjá bifreiðina skrika til, áður en hún valt. Honum virtist A 1870 vera á allmikilli ferð, og þegar A 1870 var komin úr braut hans bifreiðar, taldi hann, að 2—3 billengdir hafi verið milli bílanna. Hann veitti ekki athygli röst eftir veghefil á veginum, en yfirborð vegarins hafi verið laust, aðallega þó við kantana.

Vitnið Bergur Erlingsson, sem var farþegi í A 54, skýrði frá atvikum á sama hátt. Hann áætlaði hraða A 1870 70—80 km á klukkustund, og hann taldi, að töluvert há röst eftir veghefil hafi verið á veginum.

Þorvaldur Nikulásason símvirki ók í átt til bæjarins í bifreið þeirri, er A 1870 ók fyrir fram úr. Hann kveðst hafa haft orð á því við konu sína, sem með honum var, að varhugavert væri að aka þannig fram úr með blindhæð framundan. Hann sá einnig, er bifreiðinni var ekið fram úr bifreið, sem var spöl-

korn á undan, S 555, og voru þær bifreiðar þá rétt að komast á háhæðina. Hann áætlaði ökuhraða A 1870 70—80 km á klukkustund.

Guðmundur Þórðarson, kennari á Seyðisfirði, ók bifreiðinni S 555. Hann skýrði lögreglunni svo frá, að er hann var að aka yfir hæðina, vissi hann ekki fyrr til en A 1870 var ekið með ofsahraða fram hjá, og síðan valt bifreiðin margar veltur á veginum, áður en hún nam staðar utan hans.

Stefnandi tilkynnti stefnda um slysið, og nokkrum dögum síðar óskaði stefndi, að bifreiðin yrði flutt til Reykjavíkur, og heimilaði stefnandi það. Stefnandi skýrir svo frá, að umboðsmaður stefnda hafi tjáð sér, að flutningurinn yrði honum algerlega að kostnaðarlausu og meira fengist fyrir bifreiðarflakið í Reykjavík en hér. Hann kveðst af þessu hafa ályktað, að stefndi samþykkti að greiða tjónið á bifreiðinni að fullu, að öðrum kosti kveðst hann ekki mundu hafa samþykkt flutning bifreiðarinnar suður. Bifreiðin var tekin til flutnings til Reykjavíkur hinn 27. júní, 4 dögum eftir slysið.

Hinn 27. ágúst s.l., röskum tveim mánuðum eftir slysið, var stefnanda tilkynnt, að stefndi synjaði bótageiðslu fyrir tjónið. Hinn 8. október næstan á eftir fékk stefndi dómkvadda menn til að meta viðgerðarkostnað A 1870 og einnig verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjónið. Verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjónið var metið kr. 60.000.00, en viðgerðarkostnaður kr. 59.995.00.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi beri alla ábyrgð á bifreiðarflakinu, eftir að hann tók það í sínar vörzlur, og hafi í verki viðurkennt, að tjónið væri bótaskyld með brottflutningi bifreiðarflaksins. Hann bendir einnig á, að hann hafi sjálfur ekki valdið tjóninu, heldur dóttir hans, þannig a.m.k. sé ekki um óvarkárni að ræða af hans hendi.

Af hálfu stefnda er á það bent, að ökumaður bifreiðarinnar, sem hafði umráð hennar samkvæmt heimild frá stefnanda, hafi valdið tjóninu með því að aka fram úr bifreiðum án þess að gefa merki, með blindhæð fram undan, enda mátti engu muna, að hann rækist á bifreiðina A 54, sem á móti kom. Samkvæmt 10. gr., a-lið, váttryggingarskilyrðanna eru undanskildar ábyrgð stefnda skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni. Byggir hann sýknukröfu sína á þessu atriði. Varakröfuna byggir hann á því, að gáleysi ökumanns hafi verið a.m.k. slíkt, að varða eigi stórfelldri lækkun bótakröfu stefnanda samkvæmt 12. gr. váttryggingarskilmálanna, sem mæla svo fyrir, að hafi váttryggði valdið tjóninu af óvarkárni, sem þó ekki má telja

stórkostlegt, megi stefndi draga allt að 25% frá skaðabótum. Bendir hann einnig á 18. gr. laga nr. 20/1954 um þetta efni.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi fellt á sig bótaskyldu með flutningi bifreiðarinnar til Reykjavíkur. Á þeim tíma hafi ekki verið unnt að gera sér grein fyrir, hvort tjónið yrði bætt, þar sem sakadómsrannsókn hafi verið skammt á veg komin, enda hafi flutningurinn verið til þess fallinn að draga úr tjóninu vegna betri skilyrða til viðgerðar í Reykjavík.

Eins og fyrr greinir, skulu „skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni“ vera undanskildar ábyrgð stefnda samkvæmt a-lið 10. gr. húftryggingarskilmálanna. Ákvæði þetta ber að túlka á þann veg, að váttryggingartaki, sem valdur er að tjóni með þessum hætti, hafi firrt sig bótarétti, en bótarétt missir hann ekki, þegar annar veldur tjóninu, eins og átti sér stað um tilfelli það, er hér ræðir um. Hér bætist við það, að stefndi tók bifreiðina í sínar vörzlur fáum dögum eftir slysið og lét flytja hana til Reykjavíkur og greiddi kostnað við flutninginn. Í 11. gr. húftryggingarskilmálanna segir, að stefndi velji þann viðgerðarmann, er gera skuli við bifreiðina, og greiði kostnað af flutningi hennar til viðgerðarmanns, ef stefndi hafi samþykkt viðgerð. Miðað við þetta ákvæði, var flutningur bifreiðarinnar eðlilegur.

Með flutningi bifreiðarinnar og með því að halda bifreiðarflakinu í tvo mánuði án þess að láta til sín heyra hefur stefndi vakið traust stefnanda á því, að hann ætlaði að bæta tjónið, þannig að telja má það jafngilda loforði. Verður sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 11. gr. váttryggingarskilyrðanna telst tjónið sú upphæð, sem kosta mun að gera við bifreiðina, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og hún var, rétt áður en tjónið varð. Um þetta þykir mega leggja til grundvallar fyrrgreint mat, enda hefur því ekki verið sérstaklega mótmælt.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt þessu sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 59.995.00 auk 7% ársvaxta frá 23. júní 1963 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.800.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, greiði stefnanda, Sigurði Jónssyni, kr. 59.995.00 auk 7% ársvaxta frá 23. júní 1963

til greiðsludags og kr. 8.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1965.

Nr. 85/1963. **Steindór Bjarnfreðsson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Bæjarútgerð Reykjavíkur
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Hann hefur og hinn 10. febrúar 1965 fengið gjaf-sóknarleyfi, takmarkað við, að kostnaður ríkissjóðs fari ekki fram úr kr. 10.000.00. Krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 350.175.35 ásamt 9% árs-vöxtum frá 5. janúar 1960 til 29. desember sama ár og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostn-að í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi, að viður-kenndur verði sjóveðréttur honum til handa fyrir dæmd-um fjárhæðum í b/v Þórkatli mána, RE 205.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ekki er leitt í ljós, að slys það, sem mál þetta er af risið, verði rakið til vanbúnaðar skips, handvamar skipverja eða annarrar áhættu, sem stefndi ber ábyrgð á. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.